

## Sjálfbærni-verkefni Alcoa Fjarðaáls og Landsvirkjunar

Framvinduskýrsla 2017

### Inngangur

Austurbrú vann við Sjálfbærni-verkefni Alcoa Fjarðaáls og Landsvirkjunar á árinu 2017 samkvæmt samningi milli Austurbrúar og fyrirtækjanna um ráðgjafabjónustu með gildistíma frá ársbyrjun 2017 til ársloka 2020.

Samningurinn, sem undirritaður var 29. mars 2017, tók við af samningi sem gildi frá janúar 2013 til ársloka 2016.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir framvindu Sjálfbærni-verkefnisins á tímabilinu frá nóvember 2016 til loka október 2017.

### Stýrihópur og starfsmenn

Stýrihópur verkefnisins skipuðu í lok árs 2016 Árni Óðinsson fyrir Landsvirkjun, Freyr Ævarsson fyrir Fljótsdalshérað, Geir Sigurpáll Hlöðversson fyrir Alcoa Fjarðaál og Marínó Stefánsson fyrir Fjarðabyggð.

Í byrjun árs 2017 bættist Hjalti Jóhannesson í hópin sem fulltrúi Rannsóknamiðstöðvar Háskólans á Akureyri í stað fulltrúa Landverndar sem dró sig úr hópnum vorið 2016. Einnig kom Anna Berg Samúelsdóttir í hópin sem fulltrúi Fjarðabyggðar í stað Marínó Stefánssonar.

Stýrihópur hélt 5 fundi frá desember 2016 til október 2017.

Starfsmenn verkefnisins voru

- Guðrún Á. Jónsdóttir var verkefnastjóri verkefnisins hjá Austurbrú fyrri hluta árs og vann að samskiptum og skipulagi allt árið.
- Katrín Reynisdóttir vann við öflun og úrvinnslu gagna og uppfærslu vísa fyrri hluta árs þar til hún lét af störfum hjá Austurbrú í apríl.
- Lilja Dögg Björgvinsdóttir, hóf störf í ágúst og hefur unnið að uppfærslu vísa og úrvinnslu gagna.
- Sigrún Víglundsdóttir, var í veikindaleyfi fyrri hluta árs en hafði umsjón með verkefninu seinni hluta árs og vann að öllum þáttum verkefnisins.

### Ársfundur

Ársfundur Sjálfbærni-verkefnisins 2017 var haldinn í Kirkju- og menningarmiðstöðinni á Eskifirði þann 9. maí. Þátttakendur voru um 50. Á fundinum var kynnt mat á vísun verkefnisins og sérstaklega fjallað um félagsvísa.



Í framsöguerindum var meðal annars farið yfir niðurstöður SVÓT greiningar sem gerð var í hópavinnu á ársfundi 2016. Þar kom meðal annars fram að upplýsingasafn og sérfræðilekking tengd verkefningu séu styrkleikar þess en lítil úrvinnsla gagna, óljós notendahópur og takmarkaður sýnileiki veikleiki. Lítil þátttaka úr samfélaginu og stöðnun vísanna gæti ógnað verkefningu en jafnframt að það liggi tækifæri í aukinni samvinnu Þá voru kynntar frumniðurstöður rannsóknar sem Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands vann á árinu að beiðni eigenda Sjálfbærni-verkefnisins. Markmið rannsóknarinnar var að leggja mat á þá samfélagsvísa sem valdir hafa verið í Sjálfbærni-verkefningu og að greina samfélagsvísana með hliðsjón af félagsvísu sem gefnir eru út af Hagstofu Íslands. Umræðupunktur fyrir hópastarf voru hannaðir út frá þessum frumniðurstöðum. Að lokum var sagt frá nokkrum helstu niðurstöðum vöktunar á árinu 2016.

Breytingar voru kynntar á vísu 2.28.

## Umsýsla verkefnis og uppfærsla vísa

Á vinnufundi stýrihóps í janúar var ákveðið að leggja áherslu á sýnileika verkefnisins. Liður í því var að undirbúa gerð á lógói fyrir verkefnið og sniðmát fyrir kynningar, bréfsfni og annað. Búið er að ráða hönnuð í þá vinnu og hefst hún í nóvember. Vonir standa til að hún verði langt komin fyrir áramót.

Almennur texti á íslenskri útgáfu vefsins var endurskoðaður. Markmið breytingarinnar er að framsetning gagna verði skýrari og minna um endurtekningar. Miðað var við að textinn væri tímalaus svo ekki þyrfti að uppfæra hann ört. Þýðandi var ráðinn til að færa textann yfir á ensku. Þegar þýðingin verður tilbúin, verður enska útgáfa síðunnar uppfærð.

Í október hittust starfsmenn verkefnisins ásamt Tinnu Halldórsdóttur, félagsfræðingi og rýndu samfélagsvísa verkefnisins. Margar góðar hugmyndir kviknuðu um það hvernig mætti gera framsetningu vísanna áhugaverðari.

Meginþungi vinnunnar var eins og áður gagnasöfnun, úrvinnsla og uppfærslur á vef. Reynt er að uppfæra sem mest af íslenska vefnum fyrir ársfund, en seinni hluta árs er áherslan á að uppfæra enska útgáfu vefsins.

## Heimsóknir á vef

Frá 1. nóvember 2016 til 31. október 2017 heimsóttu 6.594 notendur vefinn alls 9.759 sinnum. Flestir gestir síðunnar koma frá Íslandi eða 2.683, næst koma Bandaríkin (924 gestir), Indland (633 gestir), Kanada (202 gestir) og Bretland (127 gestir).

